

Aðalfundur Snarfara 2015

Haldinn 4. febrúar 2016 í félagsheimilinu Naustavogi

Formaður Hafþór Lyngberg setti fundinn bauð alla velkomna og stakk upp á Finni Torfa Stefánssyni sem fundarstjóra og Pálinu E. Jónsdóttur sem fundarritara. Var það samþykkt. – Mættir voru milli 50 og 60 félagsmenn.

Fundarstjóri kynnti fyrsta lið Ársskýrslu stjórnar.

Hafþór: Stjórnin hélt 7 formlega fundi en hittist utan þess nokkrum sinnum. - Í lok janúar var þorrablot og mættu um 40 manns. - 14. mars gekk aftakaveður yfir og miklar skemmdir á nokkrum bátum aðallega á landi. Helsta tjónið var Hvammsvíkurbryggja, dekkið f auk af henni og brotnaði í nokkra parta. – Vorfundur var 28. mars, þar var ákveðið að vísa viðgerð á Hammsvíkurbryggju til aðalfundar, hún verður bæði tíma- og fjárfrek. – Hreinsunardagur 30. maí, verkefni ærin og þakkaði formaður þeim sem unnu þarft verk en gat þess að ansi fáir hefðu mætt. – Hátíðarkaffi á Sjómannadaginn og sendi hann þakklæti til allra þeirra sem komu með á hlaðborðið og unnu við það. – Veiðidagur 13. Júní og þakkaði hann Eyvindi Jóhannssyni fyrir það og einnig skötuveisluna. – Byrjun desember kom annað óveður, nokkrar skemmdir sem búið er að gera við, s.s. færðist C bryggja til, landgangur slitnaði frá og hausinn brotnaði, en skoða þarf seaflexið. – Reksturinn gengur vel sagði hann, tekist hafi að smíða nýjar flotbryggjur, í Viðey og Þerney sem og uppsátursplan, að auki Traktor og legufæri Abryggju. Einnig að Snarfari er nú skuldlaust. Hann lauk máli sínu með því að þakka stjórninni og félagsmönnum samstarfið.

Fundarstjóri bauð umræður um skýrsluna

Úr sal: Stækkun á húsi, hvaða skemmdir bíða. Viðeyjarbryggjan fór ekki út?

Hafþór: Hugmynd frá vofundi að stækka, ekkert gert í því enn. Talað um að stækka ca 20% til suðurs og líka glerskála til suðurs. Bíður nýrrar stjórnar að fjalla um þetta. Leyfi fyrir Viðeyjarbryggju barst svo seint að ekki þótti taka að setja hana út, upp þarf hún í september. Skemmdir eru ljósastaurar sem þarf að rétta af, lausar spýtur. Tókst að gera við C-bryggjuhausinn og landgang og festingar á Þjónustubryggju. Á Viðeyjarbryggju þarf að smíða viðbót og setja svo út. Hægt er að færa hana aðeins til vesturs.

Jóhannes Valdimarsson: Er Hvammsvíkurbryggja ónýtt eða skemmd og hvenær rennur samningur út?

Hafþór: Af samningi eru eftir 6 ár, Bæði Hitaveitan og Skúli vildu okkur burt. Bryggjan en stórskemmd, höfum lagað aðeins. Viðgerð er ekki helgarjobb. Áætla 5-6 sex manna verk í 4-5 dagsverk. Um 4-500 þús í efni og vinnu. Aðkeypt vinna væri einhverjar milljónir. Auglýstum eftir mönnum, þreifingar en ekekt varð úr. Svæðið er eins og eyðijörð allt í niðurniðslu, þar skemmdust byggingar. Skúli hættur við að byggja upp. Ykkar að ákveða framhaldið.

Jóhannes: Reynt verði að fá framlengingu.

Hákon: Hún er ekki eins úr lagi og sýnist.

Hafþór: Lang- og þverbönd eru brotin. Hægt að laga illa og vel. – Dýpkun á rennu er komin á hreint, innri leið, svo stoppaði Umhverfisstofnun verkið, svo kom laxaganga og nú er dýpkunarpramminn farinn. Dýpkað verður en ekki vitað hvenær.

Jamil: Malbik hingað skemmt.

Hafþór: Ég og Óli töluðum við alla í borgarkerfinu. Engir peningar, ekkert verður gert. Við ákvaðum að gera þetta sjálf og kostaði það 200 þús.

Úr sal: Hvað með Þerneyjarbryggju. Pollar eru of utarlega. Er hægt að færa þá innar, spýturnar nægja ekki, skemmdi bátinn.

Hafþór: Verðum að skoða það. Setja aukaspýtur eða fendera.

Úr sal: Er vandamál í smáöldu spýtur nægja ekki, pollarnir eru of utarlega.

Hafþór: Héldum að listar væru nóg. Þarf að skoða, allt er hægt. – Hvammsvík, tillögur?

Fundarstjóri: Stórt mál og dýr framkvæmd. Ræðum það undir Önnur mál.

Jóhannes: Mjög mikilvægt að gera við hana, að reyna að framlengja samning. Ef, þá með hvaða hætti haldið verður á. Er með tillögu til fundarins.

Fundarstjóri. Legg til að ritari taki saman athugasemdir um Þerney og ný stjórn taki það fyrir. Tillagan tekin fyrir undir Önnur mál.

Úr sal: Verður nýr samningur dýrari en þau 50 þús sem þessi kostar.

Fundarstjóri: Umræðum um skýrsluna er lokið, gjaldkeri tekur til máls.

Guðrún fór yfir textann og tölur, áritun endurskoðanda og félagslegra endurskoðenda. Fór yfir rekstrarreikning, hagnaður liðlega 7 millj. Handbært fé 16 millj. Gat þess að nú í janúar var lánið borgað upp, liðlega 11 millj. – Vantar á rafmagnsreikninga, þeir fóru seint út, einnig vaktasektir fyrir 2 ár, þetta er varlega áætlað í reikningi, einhver aföll verða alltaf, Hærrí rusltölur eru frá hreinsunardegi þá fór mjög mikið. – Sendum í Inkasso í innheimtu, 4 félagsmenn láta ekki segjast, stjórnar að ákveða hvort þeim verði vikið úr félaginu.

Úr sal: Tífoldun á vaktasektum?

Guðrún: Gjaldið hækkað. Innheimtur ganga vel.

Úr sal: Er veð í bátum?

Guðrún: Nei það er ekki, hef kynnt mér það.

Hafþór: Inkasso gengur ekki. Eilífur eftirrekstur, borga smá, ærin vinna. Vil bara að þeim verði vikið burt.

Guðrún: Í reikningi eru skuldir á 11 millj, en eru 0 núna, var greitt í janúar. (aths. fundarritara. Á aðalfundi síðast var samþykkt að greiða hálf lánið og rest á þessu ári sem er nú búíð og gert)

Úr sal: Afhverju eru reikningsskil ekki nær.

Hafþór: Bland af eldri hefð og nýrri. Aðalfundur var færður til janúar svo tækist að ganga frá reikningi, reikningsár hefst 1. nóvember.

Fundarstjóri: Ber upp reikninga til samþykktar. Samþykktar með öllum greiddum atkvæðum gegn 1. – Næsti liður er gjaldskráin, formaður fer yfir það.

Gjaldskrá félagsins 2016-2017

Félagsgjald	5.000
Aðstöðugjald	35.000
Inntökugjald	40.000
A-bryggja stór stæði, dýpt stæðis 10,5 metrar	70.000
A-bryggja minni stæði, dýpt stæðis 9.0 metrar	55.000
B-bryggja	46.000
C-bryggja vestur	46.000
C-bryggja austur	32.000
Aukalyklar	1.500
Traktor (félagsmenn)	4.000
Traktor utan athafnarsvæðis pr.byrrjuð klst.	5.000
Rennugjald (félaga án aðstöðu)	3.000
Rennugjald utanfélagsmenn	5.000
Traktor fyrir utanfélagsmenn	5.000
Þvottagjald utanfélagsmenn	5.000
Vaktasekt (vakt ekki staðin)	20.000
Dagsekt við bryggju (eftir lokun hafnar)	1.000
Daggjöld á landi	1.000
Daggjöld við bryggju	2.000
Snarfara fáni til að hafa um borð eða heima	3.000
Afnot af rafmagnsmæli (árgjald)	5.000
Rafmagn: 1 KWst. samkv. álestri mælis	18
Skemma hvern sólarhring	4.000

Hafþór fór yfir tillögu stjórnar að gjaldskrá. Allt er óbreytt frá fyrra ári nema að stór stæði á Abryggju 10,5 m á dýpt fara í 70.000. Minni stæðin í 55.000, hækka um 5.000. Cbryggja vestur sem er alveg eins og B bryggjan verði gjaldið því það sama eða 46.000.

Úr sal: Dagsekt við bryggju?

Hafþór svarar: Nei, það er ekki en er hægt. Að bara þeir sem sigla verði niðri og færi sigi á A. Eykur álag að hafa á öllum bryggjum. Beinum þessum tilmælum en ekki er alltaf farið eftir því.

Úr sal: Er ekki betra að dreifa?

Hafþór: Upphaflega ætlað þeim sem sigla allt árið, ekki geymslupláss.

Úr sal: Við erum með trébát, betra að hafa hann niðri, þurfum að vita þetta.

Hafþór: Þetta síast. Tilmæli um að taka upp.

Úr sal: En bátar í sjó skemmdust ekki í óveðrinu.

Hafþór: Einu skemmdir á landi voru á möstrum ystu skútanna.

Úr sal: Afhverju hækka þetta en ekki allt?

Hafþór: Ekki hækkun, lagfæring.

Úr sal: Röksemd?

Hafþór: Förum varlega í hækkun. Skuldum ekki krónu. Get ekki rökstutt hækkun. Óvart borguðu stóru bátarnir sama gjald og aðrir. Eiga að borga meira. Lagfæring ekki annað. Þið ráðið.

Úr sal: Ef við erum svo vel stödd?

Hafþór: Félagið stendur vel þurfum ekki hækkun. Lagfæring. Borguðu áður 15 þúsundum meira.

Fundarstjóri ber upp gjaldskrána

Samþykkt með meirihluta atkvæða, 2 á móti.

Fundarstjóri: Næst fara fram stjórnarkosningar.

Komin er tillaga að formanni Pétri Ó Einarssyni. Eru fleiri? Ekki svo, Pétur er þá sjálfkjörinn. – Næst er kosinn einn til eins árs fyrir Örn Björnsson sem hættir. Róbert Magnússon. Eru fleiri. Ekki svo, Róbert er sjálfkjörinn. – Tvo menn til 2ja ára, þá Kristján Kristjánsson og Símon Kjærnested. Eru fleiri? Ekki svo sjálfkjörnir. – Næst þarf 3 menn í varastjórn til eins árs: Stungið er upp á Ingólfi Guðlaugssyni, Hafþóri Lyngberg og Ólafi Viggóssyni. Eru fleiri? Stungið er upp á eftirtöldum: Sigríði Jónsdóttur, Jamil Allansyni og Jóhannesi Valdimarssyni.

Hafþór: Ástæða framboðs okkar er beiðni Péturs um að ekki fari allir frá borði.

Fundarstjóri: Læt kjósa um þetta leynilega um alla þrjá.

Ólafur Viggósson: Ég dreg mitt framboð til baka.

Hafþór: Ég dreg mitt framboð líka til baka og Ingólfur einnig.

Fundarstjóri: Sigríður, Jamil og Jóhannes sjálfkjörin í varastjórn.

Næst þarf að kjósa félagslega skoðunarmenn: Tillaga félagslegir endurskoðendur: Jónas Garðarsson og Sigvaldi Pétursson. – Samþykkt. - Varaendurskoðendur: Jón Andrés Jónsson og Guðmundur Gestsson. – Samþykkt.

Fundarstjóri: Næsti liður Önnur mál.

Eyvindur: Vil þakka Haffa langt og óeigingjarnt starf. Góð störf, fagmaður. Óska nýjum formanni alls góðs, efli félagsanda og drift. – Klappað.

Fundarstjóri: Þakkir til Hafþórs. Fjármálin til fyrirmyndar, töluvert mikið gert. Vill ekki Pétur ávarpa fundinn?

Pétur: Rétt að ég það um stuðning en engin skilyrði auðvitað. Vil halda öllu í lagi. Áhersla á boðleiðir, bæta þær og þjónustu. Auka félagslíf. Hlakka til ársins.

Jóhannes: Óska nýkjörnum formanni góðs þakka traust sýnt okkur. Haffi ég vil þakka þér. Minni á miklar breytingar í skipulagi okkar nánasta umhverfis. Sá sem var mest á móti okkur var núverandi borgarstjóri, en með Vilhjálmi í forsæti tókst okkur að fá samning til 2035. Þurfum að fjalla um þetta.

Fundarstjóri les upp tillögu Jóhannesar.

TILLAGA - Að aðalfundur Snarfara haldinn í félagsheimilinu fimmtudaginn 4. febrúar feli stjórn félagsins að hefja viðræður við landeigendur Hvammsvíkur um framlengingu leigusamnings félagsins um aðstöðu í Hvammsvíkurlandi. – Á grundvelli niðurstöðu þeirra viðræðna ákveði stjórn félagsins umfang viðgerða á bryggju og annarri aðstöðu félagsins þar. - Fram að niðurstöðu leitist félagið við að koma bryggjunni í nothæft ástand strax í vor. – Jóhannes Valdimarsson.

Úr sal: Er ekki rétt að bera undir fund í félaginu þegar þetta er komið fram.

Fundarstjóri: Jú, jú. Geri dagskrártillögu að vísa tillögunni til stjórnar til könnunar og framhaldsvinnslu. Samþykkt með öllum meirihluta atkvæða gegn 1 atkvæði.

Úr sal: Þerney?

Fundarstjóri: Minni á að ritari taki saman efnið fyrir stjórn.

Örn: Það er mikið af fendaraefni úti í skemmu sem má nota.

Haffi: Ef 1 skemmir bát nægir það til að það sem ekki er í lagi verði lagað.

Hörður: Fullt af fendum til eins og Örn segir, stórir og öflugir, má skrúfa þá á. Ætti að laga þetta.

Hafþór: Nýja skipulagið. Fórum á fund, ég og Óli. Stórskert okkar land, bæði innan lóðar og líka yfir. Nýja uppsátrið fer burt, sýnist vera tennisvöllur. Hér næst er grunnskóli. Fannst þetta óraunverulegt. Þörf að spyrna við fótum. Er best geymda leyndarmál, verður ekki lengur, höfnin er á öllum myndum af hverfinu.

Jónas: Óska eftir öllum fundargerðum á vefinn.

Pétur: Þakka málefnalega umræðu og slít fundi.